

33. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund mánudaginn 25. febrúar 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Sigurþór Guðmundsson, Páll Hjaltalín, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri, Sveinn Björnsson byggingafulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Skipavík sækir um að fá að byggja parhús við lóðir 7 til 13 við Tjarnarás í stað skipulagðra einbýlishúslóða.

Samþykkt var að senda málið í grenndarkynningu til íbúa við Tjarnarás og Tjarnarmýri.

2. Ásdís Jónasdóttir og Friðþjófur Max Karlsson sækja um lóð við Laufásveg. Erindi vísað frá bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.

Erindinu er hafnað vegna þess að lóð sem sótt er um er ekki byggingarlóð og er inni á þegar úthlutuðum lóðum.

3. Önnur mál.

Lögð var fram til kynningar hugmynd að gjaldskrá byggingarfulltrúa.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Sveinn Björnsson (sign.),
Sigurþór Guðmundsson (sign.),
Páll Hjaltalín (sign.),
Gretar D. Pálsson (sign.),
Þorbergur Bæringsson (sign.).